

Alþingi
Erindi nr. P 142/175
komudagur 15.8.2013

Alþingi, nefndasvið
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Þórshamri v/ Kirkjustræti

150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 31.07.2013
nr. erindis 201306306/- uvi

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Þingskjal
6 - 6. mál.**

Frumvarpið barst Mosfellsbæ til umsagnar með tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis 26. júní s.l. Frestur til athugasemda var veittur til 1. júlí. 1128. fundur bæjarráð Mosfellsbæjar 4. júlí 2013 vísaði máinu til umsagnar og afgreiðslu framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs.


Ekki er gerð athugasemd við frumvarpið. En áréttuð er eftirfarandi umsögn 1115. fundar bæjarráðs Mosfellsbæjar frá 04.04.2012 við erindi nefndasviðs sbr. Þingskjal 1115 — 635. mál. frumvarp til lagaum slysatryggingar almannatrygginga sem lagt var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.

Gerð er athugasemd við 9. gr. frumvarpsins þar er nýmæli sem felst í heimild til greiðslu kostnað við iðjubjálfun og talþjálfun til viðbótar við sjúkrabjálfun sem hefur verið niðurgreidd til þessa. Nýmæli þessu ber að fagna. Fylgiskur slysa er auk skertrar líkamlegrar getu oft andlegt áfall og breyttar félagslegar aðstæður. Við gerð frumvarpsins hefur verið horft fram hjá mikilvægi þess að veita hinum slasaða aðstoð við úrvinnslu þeirra afleiðinga. Bregðist sú úrvinnsla getur einstaklingurinn þróað með sér áfallastreitu með, svo dæmi séu tekin, þunglyndi og sállíkamegum einkennum sem valda honum og fjölskyldu hans miklum óþægindum og eru oft á tíðum kostnaðsöm fyrir hið opinbera.

Lagt er til að við 1. lið 1 mgr. 9. gr. frumvarpsins verði bætt við nýjum lið þar sem tilgreind verði áfallahjálpar og félagsleg ráðgjöf.

Beðist er velvirðingar á því tímamörk umsagnar voru ekki virt sem helgast af mjög stuttum fresti til að skila inn umsögn og sumarleyfi undirritaðrar.

Virðingarfyllst,



Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

